



Kópavogsbær

Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Kópavogi, 21. janúar 2023
1811182/214.00 BÞ

Efni: Reglur um styrki vegna verkefna á skilum skólastiga

1. gr. Hlutverk

Að styðja við verkefni sem stuðla að samstarfi og tengslum milli leik- og grunnskóla til að skapa samfellu í lífi barna, finna leiðir til að koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissri uppbyggingu náms. Virðing og traust skólastiganna til hvors annars, ásamt aukinni þekkingu, er nauðsynleg til að brú myndist milli skólastiga.

2. gr. Stjórn

Menntasvið hefur umsjón með sjóðnum og setur áherslur á hverju ári tengda samstarfi og samvinnu kennara milli skólastiganna. Valnefnd er skipuð einum starfsmanni frá leikskóladeild og öðrum frá grunnskóladeild.

Hlutverk valnefndar er að taka saman umsóknir og koma með tillögu að styrkveitingu til deildarstjóra leik- og grunnskóladeildar.

3. gr. Ráðstöfunarfé

Ráðstöfunarfé sjóðsins er sú fjárhæð sem árlega er úthlutað samkvæmt fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar.

4. gr. Styrkúthlutun

Markmið þróunarsjóðs á skilum skólastiga er að veita kennurum styrk til aukins svigrúms til að þróa verkefni sem stuðla að samstarfi kennara og þekkingu skólastiganna á starfi hvors annars. Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til verkefna sem felur í sér samstarf kennara af báðum skólastigum. Menntasvið setur fram áherslur hverju sinni. Ekki er veittur styrkur til sama verkefnis oftari en einu sinni nema sérstakur rökstuðningur fylgi. Samþykki skólastjórnenda þarf að liggja fyrir.

5. gr. Umsóknarferli

Menntasvið auglýsir eftir umsóknum 1. febrúar ár hvert og er umsóknarfrestur til 1. mars. Auglýsingin er send til skólastjóra leik- og grunnskóla og þurfa þeir að koma henni á framfæri við starfsfólk skólanna. Auglýsingin er einnig birt á Workplacesíðu Kópavogsbæjar og innri vefum skólanna.



6. gr. Skilyrði

Styrkir eru afgreiddir 15. apríl ár hvert og er bréf sent út til ábyrgðarmanna. Styrkþegar þurfa að tilgreina fjárhaldsmann verkefnisins sem er tengilliður við umsjónarmenn sjóðsins á leik- og grunnskóladeild Menntasviðs. Styrkur er greiddur út í tvennu lagi, helmingur við úthlutun og hinn helmingurinn þegar lokaskýrsla hefur borist. Standi verkefni yfir í meira en eitt ár skal áfangaskýrslu skila árlega.

Skila þarf skýrslu um verkefnið í síðasta lagi 15. júní ári eftir að styrkur er veittur. Styrkþegar kynna verkefni og niðurstöður fyrir menntaráði og leikskólanefnd í ágúst- sept. eftir að skýrslu er skilað.

Styrkþegar, í samstarfi við menntasvið, skulu kynna verkefni fyrir skólasamfélaginu í ágúst - sept. eftir að skýrslu er skilað.

Virðingarfyllst,

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leiksskóladeildar

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildarstjóri grunnskóladeildar